



## Hellinum lokað

Eigendur Raufarhólshellis hafa byrgt fyrir hellismunann. Þeir hyggjast taka gjald af þeim sem vilja skoða. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ræða að Óttarr segi af sér þingmennsku

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins munu óska eftir ráðuneytum og nefndarformennsku við formann sinn í dag. Flokksráð Sjálfstæðisflokksins og stjórn Bjartrar framtíðar funda í kvöld og fara yfir stjórnarsáttmála nýrrar stjórnar. Ráðherraskipan kynnt í fyrramálið.

**STJÓRN MÁL** Ræddur verður á stjórnarfundum Bjartrar framtíðar í kvöld sá möguleiki að Óttarr Proppé, formaður flokksins, segi af sér þingmennsku til að gegna embætti utanþingsráðherra í nýrri ríkisstjórn. Í þingflokki Bjartrar framtíðar eru fjórir þingmenn, en með afsögninni hefur flokkurinn tækifæri til að styrkja þingflokk sinn frekar og jafnframt stýra ráðuneyti. Heimildir Fréttablaðsins herma

að þessi háttur sé eini möguleikinn í stöðunni í huga margra stjórnarmanna Bjartrar framtíðar. Ekkert í stjórnskipun landsins heimilar að þingmaður taki sér tímabundið leyfi frá þingstörfum og kalli inn varamann á meðan ráðherraembætti er gegnt. Því þyrfti Óttarr að segja af sér og gæti ekki tekið sæti á þingi aftur nema að gengnum nýjum alþingiskosningum. Stjórnarmyndunarviðræður eru

» 20 þingmenn Sjálfstæðisflokksins funda með formanninum í dag.

langt komnar. Í dag mun Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, funda einslega með öllum þingmönnum flokksins eins og venja er hjá Sjálfstæðisflokki. Á fundinum leggur hver

þingmaður fram ósk sína um stöðu á kjörtímabilinu, til dæmis að viðkomandi óski eftir ráðherrastól eða formennsku í ákveðnum nefndum. Í kvöld verður stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar kynntur á flokksráðsfundi í Valhöll, stjórnarfundum Bjartrar framtíðar og hjá stjórn Viðreisnar og tillaga um ríkisstjórnarsamstarf borin upp. Á morgun, þriðjudag, kynnr Bjarni ráðherraskipan Sjálfstæðis-

flokksins í nýrri ríkisstjórn fyrir þingflokki og ber hana til atkvæða. Venja er að slík tillaga sé samþykkt athugasemdalest en þó geta skapast nokkuð heitar umræður um tillöguna og dæmi eru um það í sögu flokksins að breytingatilögur hafi verið lagðar fram og um þær greiddar atkvæði.

Upp frá því má ætla að ný ríkisstjórn verði kynnt almenningi. — snæ, jóe

## Kurlið burt fyrir 711 milljónir

**HEILSA** Áætlað er að kostnaður við að skipta dekkjakurli gervigrasvalla út fyrir hættuminna efni muni nema rúmlega 711 milljónum króna. Stefnt er að því að verkefninu verði lokið fyrir árið 2026.

Þann 2. júní síðastliðinn fól Alþingi ráðherra að móta áætlun sem miðaði að því að kurluðu dekkjagúmmi yrði skipt út fyrir annað efni á gervigrasvöllum landsins. Þeirri áætlun var skilað til umhverfisráðuneytisins í desember síðastliðnum.

Samkvæmt henni skal vera búið að skipta út gúmmi á 60 prósentum valla landsins fyrir árslok 2019, 80 prósentum árið 2022 og öllum völlum landsins fyrir árslok 2026.

Umhverfisstofnun hefur verið falið það verkefni að hafa eftirlit með innleiðingu og árangri áætlunarinnar. — jóe

### Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Samningar sem foreldrar AFS skiptinema gera koma í veg fyrir að þeir geti leitað réttar síns ef eitthvað kemur upp á. **4**

**FRÉTTIR** Tollkvótar hækkuðu um allt að 87% um áramótin **8**

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um ferðaþjónustuna. **11**

**SPORT** Strákarnir okkar voru rassskelltir í Danmörku. **13**

**LÍFIÐ** Fyrirsætan og þyrflugmaðurinn Ásdís Rán Gunnarsdóttir er að setja nýtt fyrirtæki á laggirnar. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**Dale Carnegie**



Sýndu hvað í þér býr  
Ókeypis kynningartími  
10. janúar kl. 20:00

Ármúli 11, 3. hæð  
Skráning á: [www.dale.is](http://www.dale.is)

**Pinex® Smelt**


Munddreifitöflur  
250 mg



**Actavis**



## Veður



Norðaustan 15-23 og snjócoma á norðanverðu landinu á morgun, en hægari, þurr og léttir sams staðar til sunnan jökla. **SJÁ SÍÐU 20**



Maðurinn kvaðst hafa ætlað að gera saft úr berjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

## Sekt fyrir berjabrugg

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var í Héraðsdómi Austurlands fyrir helgi dæmdur til að greiða 160 þúsund krónur í sekt fyrir að hafa bruggað krækiberjavín. Alls fundust 95 lítrar af heimagerðu víni í íbúð mannsins.

Í símaskýrslu sem lögregla tók af hinum sakfella víðurkenndi hann að hafa átt vinið og að hafa bruggað það.

Önnur skýrsla var síðar tekin af manninum. Þar kom fram að hann hefði keypt bruggunartækin og leiðbeiningar í vingerðarverslun hér á landi. Ásetningur hans hefði verið að „búa til áfengi eins og allir landsmenn væru að gera“. Þótti honum undarlegt að það væri hægt að „fara út í búð og kaupa allt til vingerðar“ og svo sé „þetta bara allt í einu orðið ólöglegt“.

Síðar meir, fyrir dómi, hafði fram-burður hans breyst. Sagði hann frá því að hann hefði ætlað að safta krækiberin. Hann hafi hins vegar ekki gengið rétt frá þeim og það útskýrdi áfengisinnihald þeirra.

Í niðurstöðu dómsins kom fram að sannað þætti að maðurinn hefði ætlað sér að brugga vinið. Ekki þótti unnt að telja að misskilnings á réttarreglum hefði gætt enda hefði lengi verið bannað hirlendis að brugga eigið vín. Auk sektarinnar voru tæki til vingerðar gerð upptæk. - **joe**

# 95

lítrar af krækiberjavíni fundust við húsleit

## Syntu inn nýja árið



Nýársundmót fatlaðra barna og unglinga fór fram í Laugardalslaug í gær. Annað árið í röð varð það Hafnfirðingurinn Röbert Ísak Jónsson sem átti afrek mótsins. Því náði hann í 50 metra bringusundi en í fyrra var það fyrir flugsund. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, af henti Röberti Sjömannabikarinn fyrir árangurinn. Með þeim á myndinni er Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður Íþróttabandalags fatlaðara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bjarni baðst afsökunar

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, baðst í gær afsökunar á því að hafa verið ónákvæmur í svörum í viðtali hjá Ríkisútvarpinu í fyrradag.

Svör Bjarna voru við spurningum um tímasetningar um skýrslu starfs-hóps um aflandseignir Íslendinga. Aðspurður um hví skýrslan hefði ekki komið til umræðu í þinginu fyrir kosningar, fyrst skýrslan var afhent fjármálaráðuneytinu í september, hafnaði Bjarni því að hafa leynt henni.

Bjarna var kynnt efni og innihald skýrslunnar þann 5. október en þinglok voru 13. október. Sagði Bjarni að í fyrradag hefði tímalínan verið á reiki í höfði hans. Hugur hans hefði verið við þinglok á þessum tíma og honum væri mikið í mun að skýrslan fengi góða efnislega meðferð í þinginu. Baðst hann afsökunar á því að hafa ekki sagt rétt frá í fyrri viðtali. - **joe**

# Stór íshellir settur upp í Perlunni næsta sumar

Ráðgert er að fyrsti hluti náttúrusýningarinnar í Perlunni verði opnaður í sumar. Heildarfjárfesting nýrra eigenda verður þrjú milljarðar. Perlan hefur verið lokað undanfarna daga vegna breytinga en verður opnað að nýju í næstu viku.

**MENNING** „Það skiptir okkur mjög miklu máli að þessi sýning hafi vísindalegan trúverðugleika. Þess vegna erum við með vísindaráðgjafaráð sem er skipað bestu vísindamönnum frá Háskóla Íslands og víðar að. Þeir veita okkur ráðgjöf og taka þátt í að þróa sýninguna þannig að við höfum vísindalegan trúverðugleika og að gestir sýningarinnar geti treyst því sem þeim er sagt á sýningunni,“ segir Maria Piacente Lord, aðstoðarforstjóri LORD Cultural Resources. Það er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að setja upp söfn og sýningar.

Fyrirtækið vinnur að því, ásamt margmiðlunar fyrirtækinu Gagaráin, að setja upp náttúrusýningu í Perlunni fyrir einkahlutafélagið Perlu norðursins, sem mun reka sýninguna. Ráðgert er að fyrsti hluti sýningarinnar, jöklasýningin, verði opnað næsta sumar. Þar verður 70 metra langur manngerður íshellir.

Síðar meir verður búinn til náttúrulegur íshellir sem verður gerður með aðstoð sérfræðinga frá Svíþjóð og Hollandi, sem hafa unnið á íshótelum í Lapplandi. Á annarri hæð verður margmiðlunarsýning.

„Það má kannski líta á þetta sem einhvers konar anddyri að landinu. Þarna á að vera mjög öflugur þverskurður af því sem hægt er að bjóða á landinu öllu,“ segir Hringur Haf-



Maria Piacente Lord og Hringur Hafsteinnsson taka þátt í því að setja sýninguna upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það má kannski líta á þetta sem einhvers konar anddyri að landinu.

Hringur Hafsteinnsson, listrænn stjórnandi hjá Gagaráin

steinsson, listrænn stjórnandi hjá Gagaráin.

Agnes Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Perlu norðursins, segir að sýningin verði stærsta afþreying á Íslandi og fjárfestingin verði sú mesta í afþreyingu hér á landi hingað til. Fjárfesting

í sýningartækjum verði 1,5 milljarðar króna, en heildarfjárfesting með framkvæmdum í húsinu verði um þrjú milljarðar. Agnes bendir á að Perlan sé orðin 25 ára gömul og lítið hafi verið gert fyrir húsið á þeim tíma. Hún segir að auk sýningarinnar verði rekinn veitingastaður og kaffihús á vegum Kaffitárs.

Perlan hefur verið lokað gestum síðustu daga á meðan þeir rekstraráðilar sem hafa verið í húsinu tæma það. Nýir rekstraraðilar munu taka við lykklavöldum 12. janúar og ætla að opna þá fljótlega. Agnes Gunnarsdóttir segir að strax í janúar byrji rekstraraðilar að vera með móttöku fyrir Íslendinga og ferðabjónustuaðila þar sem þeir geti fengið kynningu á verkefninu. Slík kynning verði hálfsmánaðarlega.

jonhakon@frettabladid.is

# BRIDS SKÓLINN



**BYRJENDUR** (stig 1) **23. janúar:** 8 mánudagar frá 20-23

**ÚRSPILIÐ** (stig 3) **25. janúar:** 8 miðvikudagar frá 20-23

- STIG 1** Á byrjendanámskeiði er farið vel yfir leikreglur spilsins og undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Ekkert mál að mæta ein/einn.
- STIG 3** Spilamennska sagnhafa er í forgrunni á þessu námskeiði, áætlanagerð og tæknibrellur. Mikið spilað og ekki nauðsynlegt að koma með makker.

- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík
- Sjá nánar á [bridge.is](http://bridge.is) /fræðsla
- Upplýsingar og innritun í síma ... **898-5427**



HR-V

**HONDA**  
The Power of Dreams

# ALLT Á SÍNUM FULLKOMNA STAÐ



Öruggur, fullkomið skipulag, nákvæmur frágangur og betri í alla staði. Honda HR-V er ekki bara fimm stjörnu bíll hvað varðar öryggi, í HR-V á hver hlutur sinn stað og hlutverk. Við hönnuðum nýjan Honda HR-V með þetta að leiðarljósi. Útkoman er fallegur borgarjeppi, með frábæra eiginleika innan sem utan.



Nýr Honda HR-V, fullkominn fyrir þig.

**Honda HR-V**  
kostar frá kr. 3.840.000  
MEÐ SJÁLFSKIPTINGU

Opið laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



[www.honda.is](http://www.honda.is)



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



## Ók flutningabíl á hóp ísraelska hermanna og myrti fjóra

**ÍSRAEL** Fjórir ísraelskir hermenn létust í Jerúsalem í gær þegar palestínskur maður ók flutningabíl á þá. Þrettán aðrir særðust í árásinni. Hin föllnu, þrjú karlar og ein kona, voru öll á þrítugsaldri.

Forsætisráðherra landsins, Benjamin Netanyahu, lét hafa eftir sér í gær að grunur léki á að árásmaðurinn væri tengdur íslamska ríkinu. Hann vildi ekki gefa upp hvar sá grunur hefði kvikvað.

Að sögn fjölda sjónarvotta ók árásmaðurinn flutningabílnum á fólkið, hægði síðan ferðina og bakkaði yfir það. Sá vitnisburður hefur verið staðfestur af upptökum úr öryggismyndavélum á staðnum. Árásmaðurinn var síðan skotinn af lögreglu. Hann var palestínskur

●● **Þeir víla ekki fyrir sér að nota hvaða aðferð sem er til að myrða gyðinga og til að ógna daglegu lífi íbúa höfuðborgarinnar**

Nir Barkat, borgarstjóri í Jerúsalem

og búsettur í austurhluta borgarinnar. Vegna árásarinnar hefur öryggisgæsla í borginni helgu verið aukin til muna.

„Það eru engin takmörk fyrir því



Sjúkraflutningamenn að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

hve miskunnarlausir hryðjuverkamenn geta verið. Þeir víla ekki fyrir sér að nota hvaða aðferð sem er til að myrða gyðinga og til að ógna daglegu lífi íbúa höfuðborgarinnar,” segir Nir Barkat, borgarstjóri Jerúsalem. Hann bætti því við að ódæðið hefði verið dýru verði keypt og að vígamennirnir myndu ekki hafa sigur í þessari baráttu.

Hamas-samtökin sendu frá sér yfirlýsingu þar sem þau lofuðu verknadinn og hvöttu aðra Palestínunum til sambærilegra verka.

Frá því í október 2015 hafa 35 Ísraelsmenn fallið í öldu hnífa-, skot- og ökutækjaárása. Á sama tímabili hafa um 200 Palestínunum fallið. Að sögn stjórnvalda í Ísrael eru það allt vígamenn. -jóe

## Geta ekki farið í mál gegn AFS á Íslandi

Ákvæði í samningi skiptinema hér á landi virðist koma í veg fyrir að hægt sé að sækja AFS á Íslandi til saka hér lendis. Margar brotalamir komu upp þegar Magga Dís Thoroddsen fór sem skiptinemi til Perú árið 2015. Móðir hennar vill fá endurgreitt vegna dvalarinnar.

**SAMFÉLAG** Allt bendir til þess að foreldrar sem skrifa undir þáttökusamning um skiptinám fyrir börn sín í gegnum AFS á Íslandi afsali sér heimild til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum hér á landi komi til vandræða á meðan dvöl barns þeirra erlendis stendur. Í þáttökusamningi sem Margrét Einarsdóttir gerði fyrir hönd dóttur sinnar kemur fram að um allar kröfur og deilur sem kunna að rísa um samninginn gildi lög New York-ríkis í Bandaríkjunum. Ekki kemur fram hvert varnarþing málsaðila er, en þeir eru sagðir AFS á Íslandi en einnig AFS Intercultural Programs, Inc. í New York. Í samningnum er alla jafna bara talað um AFS og með öllu óskýrt um hvort félagið er að ræða.

Mæðgurnar Margrét Einarsdóttir og Magga Dís Thoroddsen sögðu sögu sína í fréttum Stöðvar 2 í síðustu viku. Magga Dís fór, 18 ára gömul, sem skiptinemi til Perú árið 2015 og varð fyrir kynferðisbroti af hendi karlmanns sem bjó á heimili hennar þar í landi. Ekkert tengiliðakerfi var til staðar fyrir Möggu, eins og reglur AFS kveða á um. Hún þurfti því um nokkurra daga skeið að búa á heimili ofbeldismannsins áfram án þess að fá nokkra aðstoð.

Fleiri brotalamir voru hjá AFS á meðan á dvöl hennar stóð en skiptinemar þar voru ólöglegir í landinu og þurfti Magga Dís tvisvar að smygla sér yfir landamærin til Ekvador og koma aftur til Perú með löglegum hætti til að fá endurnýjaða vegabréfsáritun. Aðrir skiptinemar sem voru í Perú á sama tíma hafa staðfest að svona hafi verið í pottinn búíð.

Eins og fram kom í fréttum Stöðvar



Mæðgurnar Margrét Einarsdóttir og Magga Dís Thoroddsen hafa staðið í stappi við AFS um langt skeið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

2 vilja mæðgurnar fá þáttökukostnað vegna skiptinámsins, samtals 1,6 milljón krónur, endurgreiddan. Þeirri beiðni hefur verið hafnað. Eins og segir hér að ofan virðast skiptinemar fyrirgera rétti sínum til að leita réttar síns fyrir íslenskum dómstólum. Síðasta klausa samningsins segir að um hann gildi lög New York ríkis. Mæðgurnar hafa sér til aðstoð-

ar lögmanninn Guðmund St. Ragnarsson, sem skilur ákvæði samningsins á þann veg en Fréttablaðið leitaði einnig ráðlegginga fleiri lögmannna sem voru sama sinnis. Guðmundur segir það gríðarlega kostnaðarsamt að fara fyrir dómstóla í New York.

„Það er ekkert sem afsakar það þegar ungmenni lengst í burtu verður fyrir kynferðisofbeldi, að

það séu ekki gerðar alvöru ráðstafanir. Það var enginn þarna úti sem hjálpaði heldur var á hinn veginn reynt að gera henni erfitt fyrir. Þess vegna er miskinn svo mikill og andlegt tjón sem bæði móðir og dóttir verða fyrir í öllu þessu ferli. AFS gat ekki skammast til að endurgreiða að minnsta kosti skiptinámið og sýna að þeim þætti þetta leiðin-

●● **Það er ekkert sem afsakar það þegar ungmenni lengst í burtu verður fyrir kynferðisofbeldi að það séu ekki gerðar alvöru ráðstafanir**

Guðmundur St. Ragnarsson, lögmaður mæðgurna

# 1,6

milljónir kostaði dvöl Möggu Dísar í Perú

legt. Þá hefðu þær ekki þurft að gera neitt meira með þetta,” segir Guðmundur. Hann gagnrýnir harðlega að í verkferlum AFS í kjölfar kynferðisbrotsins hafi ekki verið gert ráð fyrir að kæra brotið til lögreglu. Magga Dís var því hvorki hvött til né fékk aðstoð við að leita til lögreglu með málið.

„Auðvitað er það umhugsunaræfni fyrir alla íslenska foreldra sem velja AFS hvað þeir eru í raun og veru að senda börn sín út í því þau eru nánast réttlaus. Ef þetta kemur fyrir Möggu Dís þá þarf ansi mikið að fara úrskæðis til að AFS séu tilbúnir að gera eitthvað. Hvað þarf að ganga á svo AFS finni til ábyrgðar?“ spyr Guðmundur jafnframt.

snaeros@frettabladid.is



## FERSKUR FISKRETTUR

Gufubakaður fiskur með kúrbítsteningum, rauðlauk og chili, kórónaður með kókóslímónu jógurtsósu, er tilvalinn fyrir fjölskylduna eftir hátíðarmatinn.

Mikið úrval heilsuuppskrifta er að finna á gottimatinn.is. Uppskriftavefurinn er jafn aðgengilegur í tölvunni, spjaldtölvunni og snjallsímanum.

Hollustan hefst á gottimatinn.is



# EKKI BARA GÆÐI

## ÖRYGGISSKÓR



**16.900** m/vsk

Fullt verð 25.490

## KULDA- JAKKI

EN471



**15.900** m/vsk

Fullt verð 22.593

## FLÍS- JAKKI



**9.900** m/vsk

Fullt verð 14.816

## VINNUBUXUR

EN471



**15.900** m/vsk

Fullt verð 22.050

## PRJÓNAHÚFA



**1.290** m/vsk

Fullt verð 1.590

## ÖRYGGISGLERAUGU



**490** m/vsk

Fullt verð 782

## BELTI SVART



**1.990** m/vsk

Fullt verð 3.448

## SMÍÐA- BUXUR



**14.900** m/vsk

Fullt verð 19.633

## VINNUGALLI



**7.900** m/vsk

Fullt verð 10.990

## PILOT- JAKKI



**12.900** m/vsk

Verð frá 18.767



www.sindri.is | sími 567 6000  
Skútuvoði 1, Reykjavík  
Smíðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

**SINDRI**  
VINNUFÖT



## Raufarhólshellir lokaður og læstur

**NÁTTÚRA** Mikil þil var nýlega sett upp fyrir munna Raufarhólshellis í Þrengslum. Almennungur fær ekki framfar að koma inn í hellinn nema að greiða aðgangseyri. Óljóst hvernær fjárfestar, sem tekið hafa landið á leigu, opna hellisdyrnar.

„Gert verður ráð fyrir lýsingu inni í hellinum til að lýsa upp áhuga-verðar jarðmyndanir. Hellirinn er stórgrýttur á köflum og dimmt þar inni. Til að tryggja öryggi gesta verða stigar hlaðnir og/eda smíðaðir pallar eftir aðstæðum,“ segir í skipulagslýsingu á vef sveitarfélagsins Ölfuss sem kveður uppbygginguna í samræmi við stefnu sína um afþreyingu- og ferðamannastaði.

Einnig á að byggja allt að 200 fermetra hús, stækka bílaplan til að

auðvelda rútum aðkomu, leggja rafmagn að svæðinu og bora eftir neysluvatni. Raufarhólshellir er fjórði stærsti hellir Íslands og er á náttúruminjasrá.



„Hellirinn hefur lengi verið áfangastaður ferðafólks og gestafjöldi á svæðinu er orðinn mikill,“ segir í skipulagslýsinguinni. „Land-eigendur telja mikilvægt að koma upp aðstöðu og eftirliti til að tryggja að hellirinn og nærumhverfi hans verði ekki fyrir frekari skemmdum.“

Eiríkur Ingvarsson, einn landeigenda, sagði í Fréttablaðinu í júlí í fyrrasumar að ásóknin væri gríðarleg og að nánast væri búið að hreinsa hellinn af dropasteinum. Hallgrímur Kristinsson, talsmaður fjárfestanna, sagði í sömu frétt að ferð í hellinn yrði ódýr afþreying fyrir ferðamenn samanborið við margt annað sem í boði væri.

gar@frettabladid.is



Dyr eru neðst á þilinu en þær eru læstar með hengilás. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR



Kálfar og veturgamlir tarfar eru alfríðaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hreindýrakvóti hækkar lítillega

**VEIÐI** Hreindýrakvóti ársins 2017 eykst lítillega frá fyrra ári. Alls verður heimilt að veiða 1.315 dýr en í fyrra var kvótinn 1.300 dýr.

Heimilt verður að veiða 922 kýr og 393 tarfa samanborið við 848 kýr og 452 tarfa í fyrra. Veiðitímabilið er 1. ágúst til 15. september fyrir tarfa en fimm dögum lengur fyrir kýr. Kálfar og veturgamlir tarfar eru alfríðaðir.

Undanfarin ár hefur kvótinn verið á bilinu 1.220-1.315 dýr að árinu 2015 undanskildu. Þá mátti veiða 1.412 dýr en það var aukning um 135 dýr frá fyrra ári.

Heimildirnar eru veittar með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun veiðiheimilda. Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimildanna. – jõe

# 1.315

dýr verður leyft að veiða á næsta veiðitímabili

# Vilja útiloka að um sjálfsskaða sé að ræða í hnífsstungumálinu

Rannsókn lögreglu í hnífsstungumálinu í Kópavogi miðar ekkert áfram. Óskað er eftir að allir fletir á málinu verði kannaðir til hlitar. Sjaldgæft er að mál sem þessi leysist ekki fljótt. Lögregla vonlítill um að gerandi finnist. Umfangsmikilli rannsókn á árás í Móabardi lauk eftir að réttarmeinafræðingur skilaði skýrslu.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur óskað eftir því að réttarmeinafræðingur útiloki að um sjálfsskaða hafi verið að ræða þegar starfsmaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í Kópavogi var stunginn í handlegg 19. desember síðastliðinn. Ástæðan er sú að hvorki gengur né rekur að finna geranda í málinu og rannsókn miðar ekkert áfram.

Lögreglu var tilkynnt um málið að morgni dags þess nítjanda en þá tilkynnti kona að hún hefði slasast eftir hnífsárás manns. Maðurinn á, að sögn konunnar, að hafa verið með grímu kennda við kvikmyndina *Scream* á andliti og skilið bæði hníf og grímu eftir þegar hann flúði vettvang. Konan hlaut rispu á handleggi eftir átökin.

Samkvæmt heimildum frá lögreglu fundust ekki nothæf fingraför á hnífnum sem notaður var við verknadönn. Verið er að rannsaka hvort lífsýni hafi fundist í grímunni sem skilin var eftir á vettvangi og hvort möguleg lífsýni séu á skrá lögreglu.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar, segir afar sjaldgæft að mál sem þetta upplýst ekki. Sama dag og málið kom upp handtók lögregla mann grunaðan um verkið en honum var sleppt fljótlega. Grímur segir alveg útilokað að sá maður hafi nokkuð með málið að gera.



Umfangsmikil leit fór af stað að árásarmanninum í hnífsstungumálinu í Kópavogi en hvorki hefur gengið né rekið í rannsókninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Algeng einkenni sjálfsáverka

- 1) Algengast er að notað sé eggvopn og skurðáverkar veittir.
- 2) Áverkarnir eru veittir við stýrða athöfn, sýna til dæmis samsíða skurði á litlu svæði og línur skarast síður. Skurðir eru flestir af sömu dýpt.
- 3) Marblettir hafa veikt eða ekkert samhengi við áverkana og eru jafnvel ekki til staðar.
- 4) Föt eru óskemmd. Óklædd

- 5) Ákveðin líkamssvæði líklegri til að vera sköðuð. Viðkvæmari svæðum frekar hlíft.
- 6) Varnaráverkar ekki til staðar eða ódæmigerðir.
- 7) Áverkar safnast frekar á aðra hlið líkamans.
- 8) Áverkar koma aðeins fyrir á einu svæði líkamans.

Vegna þess hve sjaldgæft er að mál sem þetta upplýst ekki er sömuleiðis ákaflega sjaldgæft að lögreglan óski eftir því að kanna hvort um sjálfsskaða hafi verið að ræða. Það var þó gert í líkamssársarmáli sem kom upp í febrúar á síðasta ári þegar kona tilkynnti að á hana hefði ráðist ókunnugur maður á heimili hennar, við Móabardi í Hafnarfirði, veitt henni alvarlega áverka og brotið gegn henni kynferðislega. Fimm dögum síðar tilkynnti konan aftur um árás sama manns sem einnig fól



Gríma á borð við þessa var skilin eftir á vettvangi.

í sér kynferðisbrot og grófa líkamssárs. Konan gat ekki gefið greinargóða lýsingu á árásarmanninum og lögregla lýsti eftir fölleitum, dökkhærðum og meðalháum karlmanni á miðjum aldri sem klæddur væri í svart. Umfangsmikil rannsókn og leit að geranda hófst í tengslum við málið sem lauk eftir að réttarmeinafræðingur lögreglu skilaði skýrslu um áverka konunnar. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



## Andaðu með nefinu



- ✓ Loft innan fárra mínútna
- ✓ Illmur af mentól og eukalyptus



Otrivin/Otrivin Junior/Otrivin Comp/Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur Xylometazólinhýdróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lýfjans. Leitid til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

**Otrivin®**



# Skál fyrir hollustu





## Trump viðurkennir loks afskipti

**BANDARÍKIN** Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefur meðtekið niðurstöður leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna um að Rússar hafi reynt að hafa áhrif á niðurstöður forsetakosninganna í Bandaríkjunum að sögn starfsmannastjóra Trump. Reuters greinir frá.

„Hann hefur samþykkt að staðreyndirnar í þessu tiltekna máli bendi til þess að Rússar hafi verið að verki,“ sagði Reince Priebus sem mun verða hæst setti embættismaður Trumps þegar hann tekur við forsetaembætti síðar í mánuðinum.

Yfirmenn leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna telja sig hafa sannanir fyrir því að Rússar hafi staðið fyrir leka á fjölda tölvuþosta Demókrataflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum síðasta haust.

Trump hefur hingað til gert lítið úr þessum niðurstöðum og í tilkynningu eftir fund Trumps með helstu stjórnendum leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna sagði hann að ekkert benti til þess að Rússar hefðu haft áhrif á gang kosninganna.

Priebus sagði einnig að Trump stefni á að skipa stjórnendum leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna að leggja til hvað eigi að gera varðandi þátt Rússa. Metið verði svo hvernig grípa eigi til aðgerða. – tpt

## Tóku skírn



Epíópískir pilgrimar baða sig upp úr helgu vatni árinna Jórdan. Staðurinn heitir Qasr al-Yahud og er skammt frá palestínsku borginni Jerikó. Talið er að þetta sé staðurinn þar sem Jóhannes skírari skírði Jesú Krist. Þúsundir manna ferðast þangað ár hvert til að styrkja trú sína. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fyrrverandi forseti látinn

**IRAN** Ali Akbar Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti Írans, er látinn 82 ára að aldri.

Rafsanjani varð fjórði forseti Írans þegar hann tók við embætti árið 1989. Gegndi hann stöðunni í tvö kjörtímabil eða til ársins 1997. Hann bauð sig svo aftur fram til forseta árið 2005 en laut í lægra haldi fyrir Mahmoud Ahmadinejad.

» Rafsanjani var fjórði forseti Írana, tók við embætti árið 1989

Í kjölfar fregna um andlát forsetans fyrrverandi hópaðist mikill fjöldi fólks saman fyrir utan sjúkrahús í Teheran, höfuðborg Írans, þar sem Rafsanjani lést. – ae

## Allt að 87 prósentu hækkun á tollkvóta

Ákvarðanir stjórnvalda skiluðu sér í hærra meðalverði í útboði á tollkvóta ýmissa landbúnaðarvara. Umframeftirspurn eftir kvótanum var einnig mikil. Hækkunin fyrrsjáanleg að mati framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda.

**LANDBÚNAÐUR** Útboðsgjald sem innflutningsfyrirtæki þurfa að greiða fyrir tollfrjálsan innflutning á búvörum frá ríkjum ESB hækkaði mjög milli ára. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir að hækkunin hafi verið fyrrsjáanleg.


Hérlendis eru ýmsar innfluttar mjólkur- og kjötvörur tolllagðar. Á hvert er heimilt að flytja inn nokkur tonn úr hverjum vöruflokki tollfrjálst. Þeim kvóta er úthlutað til innflytjenda í gegnum lokað uppboð, fyrst til hæstbjóðanda, síðan til þess sem býður næsthæst og svo koll af kolli. Meðalútboðsgjald er reiknað. Berist ekki tilboð í allan kvótann er honum úthlutað án gjalds.

Hingað til hefur tollkvótinn verið boðinn út einu sinni fyrir allt árið en í ár var sú nýbreytni gerð að bjóða hann út í tveimur hlutum. Var það gert eftir tillögu frá starfshópi um tollasamning sem vildi með því tryggja jafnari dreifingu á innfluttum vörum yfir árið. Neytendur áttu ekki fulltrúa í sjö manna starfshópnum.

Sé lítið á niðurstöður útboðs um tollkvóta á vörum frá ESB-ríkjum sést talsverð hækkun meðalútboðsgjalds í flestum vöruflokkum. Minnst er hún í flokki alifugla, fjögur prósent, en mest í ostum, um 400 krónur á hvert kíló, eða 86,9 prósent. Um meðalverð er að ræða og því ljóst að hækkunin er meiri fyrir suma innflytjendur. Þessi hækkun mun sennilega skila sér út í verðlagið og lenda á neytendum að lokum.

„Félag atvinnurekenda varaði við því að þessar breytingar myndu leiða til hækkunar á tollkvót-

### Próun meðal-útboðsgjalds



Haldi útboðsgjaldið þessari þróun áfram stefnir í að það verði nokkurn veginn hið sama og það kostar innflytjendur að flytja inn á fullum tolli

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



anum,“ segir Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri félagsins. Hann bætir því við að hækkunin á ostakvótanum megi rekja beint til nýs búvörusamnings.

„Haldi útboðsgjaldið þessari þróun áfram stefnir í að það verði nokkurn veginn hið sama og það kostar innflytjendur að flytja inn á fullum tolli. Þá er ávinningur neytenda horfinn,“ segir Ólafur.

Það leiðir af eðli fyrirkomulagsins að tekjur ríkisins af því eru allnokkrar. Alls nam útboðsgjaldið vegna ESB-kvótans 330 milljónum í fyrra en það stefnir í 400 milljónir í ár. Ólafur telur ekki sennilegt að meðalverðið muni lækka þegar hinn helmingur kvótans verður boðinn út.

„Verð og eftirspurn hefur verið stöðugt hækkandi undanfarin ár samhliða auknum straumi ferðamanna. Mér þykir líklegt, satt að segja, að verðið haldi áfram að hækka,“ segir Ólafur.

johannoli@frettabladid.is

# 400

króna hækkun varð á hverju kíló af innfluttum osti

## ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINNI!

Ríflægur afsláttur af MÚRBÚÐARVERÐI

– það er gott verð!

Allar mottur og dreglar 25% AFSLÁTTUR

Öll Caster hjól 30% AFSLÁTTUR

Wineo og Martinelli harðparket 15-20% AFSLÁTTUR

Patrol verkfærakistur 30% AFSLÁTTUR

Öll LuTool rafmagnsverkfæri 25-30% AFSLÁTTUR

Vegg- og gólfplisar yfir 40 vörunúmer 15-50% AFSLÁTTUR

Eldhús stálvaskar 25-40% AFSLÁTTUR

Asaki-Aimsak og Drive rafmagnsverkfæri 25-50% AFSLÁTTUR

Ido, Ceravid og Imex WC 20-25% AFSLÁTTUR

Hitastýrð blöndunartæki og sturtuset frá BOZZ 25% AFSLÁTTUR

Ýmis verkfæri og áhöld 25-40% AFSLÁTTUR

Öll strekkibönd 30% AFSLÁTTUR

og ótal margt fleira!

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanessbæ



## MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



## BÓKHALDSNÁM OG TÆKNINÁM

# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA

FJARKENNSLA  
Í BEINNILÁNSHÆFT  
NÁM

### GÓDIR ATVINNUMÖGULEIKAR

#### FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- L Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.
- Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.

##### VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA  
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar\*

##### STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

##### ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

##### ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaraþróu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

##### STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa.

Hefst: **25. og 26. janúar 2017** • Lýkur: **Janúar 2018**

\*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

#### AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemandur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á [promennt.is](http://promennt.is)

### NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

#### TÆKNINÁM

Fimmtudag

12. jan. kl. 17:30

#### BÓKHALDSNÁM

Fimmtudag

12. jan. kl. 17:30

### FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- L Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir
- fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
- Námið skiptist í sex hluta:
  - Bókhald – grunnur
  - Bókaránám fyrir lengra komna
  - Skattskil einstaklinga með rekstur
  - Viðurkenndur bókari

Hefst: **1. febrúar** • Lýkur: **20. desember 2017**

### STÖK NÁMSKEIÐ

Kynntu þér frábært úrval af styttri námskeiðum bæði fyrir tækninám og bókhaldsgreinar á [promennt.is](http://promennt.is)



#### FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem býðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

**PROMENNT**





## KOMDU MEÐ OKKUR Á EM Í HOLLANDI

Gæsaþúðin sem myndast þegar landslið Íslands gengur út á völinn á stórmóti er hvergi eins mögnuð og í miðju hafi blárra treyja. Sumt skilar sér einfaldlega ekki heim í stofu.

Komdu með okkur á EM í Hollandi, stærsta íþróttaviðburð sumarsins, og vertu með þegar stelpurnar okkar skapa ógleymanleg augnablik.







# Að vilja vita



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Opin, upplýst og málefnaleg umræða er nauðsynleg til að unnt sé að taka réttar ákvarðanir. Greiður aðgangur að upplýsingum er forsenda þekkingar. Upplýsingaskyldu opinberra aðila gagnvart almenningi ber að efla. Líklega getur mikill meirihluti Íslendinga tekið undir þessa yfirlýsingu um lýðræði úr stefnuskrá Viðreisnar. Undir þetta falla upplýsingar er varða almannahagsmuni eins og væntanlega auðöfnun Íslendinga í aflandsfélögum, vegna þess að samneyslan liður fyrir vikið. En samkvæmt útreikningum starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins gæti mögulegt tap ríkisins numið allt frá 2,8 til 6,5 milljörðum króna. Þetta eru gríðarlegir fjármunir og þar af leiðandi mjög mikilvægar upplýsingar.

Upplýsingar sem kjósendur eiga rétt á að vita og þá sérstaklega áður en þeir ganga að kjörborðinu því þá er lýðræðislegt vald þeirra virkt. Þetta felur í sér ábyrgð fyrir Bjarna Benediktsson, verðandi forsætisráðherra, í fyrsta lagi þar sem hann lét vinna skýrsluna sem er hið besta mál. En einnig sökum þess að hann kemur þar við sögu, sem er verra, og að lokum þar sem hann stýrir því hvenær hún kemur fyrir augu kjósenda samkvæmt frétt RÚV í gær, sem er afleitt. Samkvæmt fréttinni var ráðuneytið og Bjarni kominn með skýrsluna í hendur þann 13. september, en ekki eftir þingslit þann 13. október eins og Bjarni hefur haldið fram. Íslendingar gengu því að kjörborðinu þann 29. október, vegna eigna ráðamanna í aflandsfélögum, án þess að vita um innihald skýrslunnar.

Bjarni Benediktsson lagði áherslu á að hann hefði verið upptekinn í kosningabaráttu og því hafi skýrslan fengið að biða og það er eflaust rétt. Upplýsingar eru nefnilega lykilmöguleikar fyrir því að kjósendur geti tekið upplýstar ákvarðanir. Vegið og metið þá kosti sem eru í boði auk þess sem mikilvægar upplýsingar eru oft ákveðin þungamiðja í aðdraganda kosninga. Umræðan um eignir Íslendinga í aflandsfélögum var í algjöru lágmarki fyrir kosningar og því hljóta kjósendur að spyrja sig hvort að sú hefði verið raunin ef skýrslan hefði legið fyrir?

Það er líka eðlilegt að kjósendur, þessi fjölmenni en valdalitli hópur að loknum kosningum, spyrji sig hvort Bjarni Benediktsson væri á leiðinni í forsætisráðuneytið í vikunni ef svo hefði farið? Með tilliti til áður nefndrar vísunar í stefnuskrá Viðreisnar um lýðræði má gera því skóna að þar spyrji allir sig þeirrar stóru spurningar. Eins má ætla að spurningin sé til umræðu hjá Bjartri framtíð, t.d. ef haft er í huga hvað Óttarr Proppé hafði að segja á Twitter um stöðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á vormánuðum síðasta árs: „Forsætisráðherra er tengdur aflandsfélagi og hélt því leyndu. Orðspor Íslands er undir. Það er óhugsandi að forsætisráðherra sé stætt.“

Upplýsingar breyta öllu, það veit greinilega fólk í Viðreisn og Bjartri framtíð. En það ágæta fólk þarf líka að svara sjálfu sér og kjósendum hvort það sé í lagi að geyma upplýsingar og vitneskju eftir hentugleikum? Á þeirri vegferð getur verið gott fyrir þau að hafa í huga að það að vita ekki er slæmt, en að vilja ekki vita er verra. Miklu verra.



Á þeirri vegferð getur verið gott fyrir þau að hafa í huga að það að vita ekki er slæmt, en að vilja ekki vita er verra.



MOMO

TÍSKUVÖRUVERSLUN

Garðatorgi 1 | www.momo.is | 588-2880

## Halldór



## Frá degi til dags

**Hugrekki eða fiflirfska**  
Fullyrt er í frétt Bloomberg að Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, verði heilbrigðisráðherra í nýrri ríkisstjórn. Það dylst engum að Óttarr tekur mikla áhættu með pólitíska framtíð sína og flokksins í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Viðreisn, en Björt framtíð hefur hingað til ekki haft á sér það yfirbragð að vera hægri flokkur. Fari Óttarr svo í heilbrigðisráðuneytið býður hann hættunni heim að verða óvinsælasti ráðherra ríkisstjórnarinnar en það er ómögulegt að verða við íttrustu kröfum almennings um innspýtingu í heilbrigðiskerfið. Hvort þetta sé feigðarflan eða upphafið að viðreisn Bjartrar framtíðar á eftir að koma í ljós.

**Aflandsskýrslan**  
„Mér leið eins og þingið hefði bara verið farið heim,“ sagði Bjarni Benediktsson í gær í kvöldfréttum RÚV og það stóð á bak við mál daginn áður þegar hann sagði að skýrsla um umfang skattaskjólseigna Íslendinga hefði ekki borist fjármálaráðuneytinu fyrr en eftir þingslit í október. Þetta er nýstárleg leið stjórnmálamanns til að afsaka að hafa farið rangt með. Það er ekki eins og hægt sé að takast á um tilfinningar fólks, ekki heldur þegar Bjarna leið eins og staða ríkissjóðs væri betri fyrir kosningar en hún var í raun og veru. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

## Besta afmælisgjöfin



Gréta Eyþórsdóttir, framkvæmdastjóri Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, SKB, fagnaði 25 ára afmæli á nýliðnu ári. Umtalsverðar framfarir hafa orðið í meðferð barna með alvarlega sjúkdóma á þessum aldarfjórðungi og aðbúnaður á Íslandi hefur gjörbreyst frá því að aðeins mátti heimsækja börn í sérstökum heimsóknartímum yfir í sérhannaðan barnaspítala þar sem foreldrar geta dvalið með börnum sínum meðan á innlögnum stendur. Stöðugt er verið að þróa meðferðir, þannig að þær geri sem mest gagn og sem minnstan skaða og hafa lífslíkur aukist verulega samfara því.

Eftir því sem fleiri lifa af krabbameinsmeðferð eykst þörfin fyrir eftirfylgd með þeim einstaklingum. Það hefur enda verið eitt helsta baráttumál forystumanna Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna mörg undanfarin ár að síðbúnum afleiðingum krabbameina verði sinnt betur og markvissar. Fyrir nokkrum misserum tók málið að þokast í rétta átt þegar samkomulag náðist á milli Kvenna- og barnasviðs LSH og SKB um stofnun sérstakrar göngudeildar um síðbúnað afleiðingar á Barnaspítala Hringins. SKB hafði ákveðið að leggja verkefninu til rekstrarfé fyrstu árin og var starfsmaður ráðinn til að undirbúa opnun deildarinnar.

Mjög var vandað til undirbúningsins, ferðir farnar til að læra af því sem vel er gert í öðrum löndum, spurningalistar samdir og þeir lagðir fyrir að fengnu leyfi Vísindasiðanefndar. Einstaklingunum, sem kallaðir verða til viðtals, var ráðað eftir áhættumati, þ.e. þeir fyrst kallaðir inn sem taldir eru vera í mesti áhættu á að glíma við alvarlegar síðbúnað afleiðingar af völdum krabbameinsmeðferðar. Síðbúnað afleiðingar geta verið líkamlegar, svo sem ófrjósemi, skert líffæra- og heyrnarskerðing, tannskemmdir og hármisssir; andlegar, svo sem kvíði, þunglyndi og einbeitingarleysi; auk þess sem sumir hafa lent í mikilli félagslegri einangrun.

Nú hafa fyrstu einstaklingarnir verið kallaðir til viðtals á deildinni og er óhætt að segja að starfsemi hennar sé besta afmælisgjöf sem félagsmenn í SKB hefðu getað hugsað sér og binda þeir miklar vonir við starfsemi hennar.



Eftir því sem fleiri lifa af krabbameinsmeðferð eykst þörfin fyrir eftirfylgd með þeim einstaklingum.



## Langafabarn fyrsta atvinnumanns Íslands mættur í fyrsta A-landsliðsverkefnið



Fótboltalandsliðið okkar á æfingu í Kína. Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er komið til Kína þar sem liðið mun taka þátt í China Cup æfingamótinu ásamt heimamönnum, Síle og Króatíu. Hinn nítján ára gamli Albert Guðmundsson er þarna í sínu fyrsta A-landsliðsverkefni. Albert, sem sést hér á æfingu í gær, er alnafni langafa síns sem var fyrsti atvinnumaður Íslands og einnig sá sem skoraði fyrstu mörk íslenska A-landsliðsins fyrir að verða 70 árum. Albert getur orðið fjórði ættliðurinn sem spilar með íslenska A-landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Rassskellur en samt enginn heimsendir

Íslenska handboltalandsliðið fer inn á HM í Frakklandi með átta marka tap á bakinu en strákarnir okkar voru nokkrum númerum of litlir á móti Ólympíumeisturum Dana í gærkvöldi. Verkefnið verður ekkert mikið léttara í fyrsta leik liðsins á HM á fimmtudaginn.

**HANDBOLTI** Geir Sveinsson og strákarnir okkar þurfa að gera miklu betur á HM í Frakklandi en þeir gerðu í átta marka tapi, 34-26, fyrir lærisveinum Guðmundar Guðmundssonar í gærkvöldi.

Danir höfðu ekki mikið fyrir því að rasskella íslenska liðið sem tapaði þar með tveimur síðustu leikjum sínum fyrir HM sem hefist á fimmtudaginn. Eftir flottan sigur á Egyptum á fimmtudaginn töpuðu strákarnir á móti Ungverjum á föstudaginn og svo í Árósum í gærkvöldi.

Íslenska liðið mætir Spánverjum á fimmtudaginn og það góða við leikinn í gærkvöldi er það að Spánverjum er hætt við að vanmeta okkar menn eftir svona útreið.

## Bara veruleikinn í dag

„Þetta er bara veruleikinn í dag. Að tapa á móti Ólympíumeisturum Dana á þeirra eigin heimavelli með átta mörkum er enginn heimsendir. Yfirburðirnir eru klárlega til staðar og þetta var bara brekka allan leikinn. Þetta var bara virkilega erfitt en við vissum það líka. Þetta er bara munurinn á þessum toppklassa og þar sem við erum staddir í dag,“ sagði Geir Sveinsson landsliðsþjálfari eftir leikinn. Geir hefur ekki áhyggjur af því að enda undirbúninginn á svona skelli.

